



Bárðardalsvegur vestri (842-01)

Hringvegur (1-q6) – Öxará

Svör Vegagerðarinnar við athugasemdum og umsögnum vegna könnunar á matsskyldu framkvæmdarinnar

Vegagerðin

nóvember 2024

Efnisyfirlit

1 Formáli.....	3
2 Athugasemdir umsagnaraðila og svör framkvæmdaraðila við þeim	4
2.1 Rarik	4
2.2 Umhverfisstofnun	4
2.3 Hafrannsóknastofnun	7
2.4 Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.....	8
2.5 Náttúrufræðistofnun Íslands	8

1 Formáli

Vegagerðinni hafa borist 7 umsagnir vegna könnunar á matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmda á Bárðardalsvegi vestri (842), milli Hringvegur (1-q6) og Öxarárvegur (8698).


Þær eru frá:

1. Minjastofnun Íslands, dagsett 30.09.2024
2. Rarik, dagsett 15.10.2024
3. Umhverfisstofnun, dagsett 22.10.2024
4. Hafrannsóknastofnun, dagsett 23.10.2024.2024
5. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, dagsett 24.10.2024
6. Náttúrufræðistofnun Íslands, dagsett 28.10.2024
7. Þingeyjarsveit, dagsett 28.10.2024

Umsögn Minjastofnunar og Þingeyjarsveitar krefjast ekki viðbragða að hálfu framkvæmdaraðila og því er ekki fjallað nánar um þær hér.

Umsagnir frá Rarik, Umhverfisstofnun, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Náttúrufræðistofnun Íslands krefjast viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.

Í eftirfarandi umfjöllun, eru þau efnisatriði umsagnaraðila birt sem þarfnast viðbragða að hálfu framkvæmdaraðila, og svör framkvæmdaraðila við þeim.



2 Athugasemdir umsagnaraðila og svör framkvæmdaraðila við þeim

2.1 Rarik

Í umsögn Rarik kemur eftirfarandi fram (skáletraður texti):

RARIK bendir á að háspennustrengur liggur innan veghelgunarsvæðis á umræddum vegakafli. Hafa þarf samráð við RARIK um breytta útfærslu og finna þarf nýja lagnaleið fyrir streng í gegnum svæðið.

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðin þakkar ábendingar Rarik og mun Vegagerðin hafa samráð við Rarik vegna háspennustrengsins í veghelgunarsvæðinu.

2.2 Umhverfisstofnun

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur eftirfarandi fram í kafla um **hraun** (skáletraður texti):

- *Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað verði nánar um hraunið og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á því sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á að ef framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum fyrir því að þeir urðu ekki fyrir valinu...*
- *Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt er að finna leiðir við framkvæmdina sem raska sem minnst óröskuðum hraunum. Skoða ætti aðra valkosti þar sem hrauni sé ekki raskað til að ná markmiðum verkefnisins.*

Svar Vegagerðarinnar

Eins og kemur fram í kynningarskýrslu Vegagerðarinnar (bls 27) er Bárðardalshraun í hópi 10 stærstu hrauna landsins eða um 444 km² að flatarmáli og um 101 km langt (Árni Hjartarson 2004 og 2011). Það þekur botn Bárðardals allt ofan frá svokölluðum Skafeyrum og niður að Ullarfossi. Norðan við Öxará teygir hrauntota Bárðardalshrauns sig til vesturs inn í mynni Ljósavatnsskarðs en stærsta flæmið liggur áfram til norðurs eftir Skjálfafljóti meðfram Kinnarfelli og Fljótshéiði.

Lítið undirlendi er í dalnum og því standa bæir og önnur hýbýli í hrauninu eða við jaðar þess. Stærstur hluti núverandi Bárðardalsvegar vestri (842) liggur um eða í jaðri Bárðardalshrauns og vegna útbreiðslu hraunsins er erfitt að koma fyrir samgöngum í dalnum án þess að þær liggja í hrauni. Ekki er fyrirhugað að breyta

Bárðardalsvegur (842-01), Hringvegur - Öxará

samgöngukerfinu í dalnum heldur er fyrst og fremst um að ræða öryggisaðgerðir á núverandi vegakerfi með lágmarksraski.

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér endurbyggingu vegarins í núverandi vegstæði á 2,4 km löngum kafla og nýbyggingu hans á um 0,6 km löngum kafla.

Þar sem núverandi vegur liggur um miðbik hraunsins á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er ekki hægt að komast hjá því að raska hrauni (sjá þemakort úr endurskoðuðu Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar þar sem dökkgrænn litur táknar afmörkun Bárðardalshrauns), hvorki með endurbyggingu núverandi vegar, né með nýbyggingu.

Fyrirhuguð framkvæmdasvæði er þröngt afmarkað og verður nýr vegur m.a. byggður samkvæmt skertu C₇ sniði sem felur í sér vegbreidd sem er 1,5 m minni en annars væri með fullu vegsniði fyrir stofnveg.

Nýbyggingin er tilkomin vegna öryggisaðgerða við hættuleg krossvegamót Bárðardalsvegur (842-01), Hringvegur (1-q6) og Hrifluvegur (8657). Slík vegamót eru afar varhugaverð og nauðsynlegt er að breyta þeim vegna öryggissjónarmiða. Þá er staðsetning umræddra krossvegamóta það nærri brú á Hrúteyjarkvísl að ekki hefur verið hægt að lengja vegrið brúarinnar - sem telst nauðsynleg aðgerð svo mannvirkið uppfylli öryggiskröfur.

Einbreið brú á Öxará liggur í krappri beygju og um árabíl hefur verið þörf á að lagfæra legu vegarins beggja vegna hennar. Núverandi lega er sérlega varhugaverð, sér í lagi yfir vetrarmánuði í hálfu og snjó.


Ofangreindar öryggisaðgerðir teljast mikilvægar vegna samfélagslegra hagsmuna og hafa í för með sér aukið umferðaröryggi vegfarenda. Útilokað er að framkvæma ofangreindar aðgerðir utan Bárðardalshrauns vegna víðáttu hraunsins.

Fyrirhuguð framkvæmd er fyrst og fremst umferðaröryggisaðgerð sem farið er í af brýnni nauðsyn. Ekki er um aðra kosti að ræða og útilokað að uppfylla þau öryggisskilyrði sem stefnt er að með annarri útfærslu en hér er kynnt. Um algjöra lágmarksaðgerð er að ræða.

→ *Umhverfisstofnun bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki...*

Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin þakkar ábendingar Umhverfisstofnunar og bendir á að á bls. 9 í kynningarskýrslu kemur fram að sótt verði um framkvæmdaleyfi til Þingeyjarsveitar. Hvað varðar annan texta á bls. 2 í umsögn Umhverfisstofnunar virðist hann snúast



Skjáskot úr [vefsjá](#) vegna endurskoðunar Aðalskipulags Þingeyjarsveitar (Alta ráðgjöf, sótt 25.08.2023). Dökkgræni liturinn táknar eldhraun.

að leiðbeiningum til sveitarfélagsins sem er sá aðili sem veitir framkvæmdaraðila framkvæmdaleyfi.

- Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur eftirfarandi fram í kafla um **verndarsvæði** (skáletraður texti):

Fram kemur í greinargerð að verndarsvæðin séu langt frá fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og ekki sé gert ráð fyrir að þau verði fyrir nokkrum áhrifum. Fallist er á það að Goðafoss sé í töluverðri fjarlægð frá umræddu framkvæmdarsvæði. Hins vegar er verndarsvæðið umhverfis Goðafoss á tveimur stöðum í nálægð við framkvæmdarsvæðið. Við skoðun í kortasjá reynast mörk framkvæmdasvæðis vera í 100-150 m fjarlægð frá verndarsvæðinu.

Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin ítrekar að verndarsvæðið umhverfis Goðafoss verður ekki fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna. Verndarsvæðið er að langstærstu leyti austan Öxarárkvísar og hvergi verður farið nærri bökkum kvíslarinnar.

Framkvæmdasvæðið hefur verið þröngt afmarkað og í kynningarskýrslu kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði verði að jafnaði um 20-30 m breitt á framkvæmdatíma, og að mestu innan þegar raskaðs svæðis.

- *Umhverfisstofnun gerir athugasemd við það hvernig framkvæmdasvæðið er afmarkað í þeim gögnum sem vísað er í. Á mynd 3 í greinargerð sem tekin er úr Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er fyrirhugað framkvæmdasvæði afmarkað á mjög stóru svæði sem nær langt inn á verndarsvæðið og einnig inn á friðlýst svæði Goðafoss. Á mynd 5 í greinargerð má sjá ítarlegri mynd af afmörkun framkvæmdasvæðisins og er svæðið þar utan við verndarsvæðið. Þar virðist framkvæmdasvæðið hins vegar ekki afmakað nægjanlega stórt og virðist svipað að breidd og eldri vegur. Æskilegt hefði verið að afmarka fyrirhugað framkvæmdasvæði í samræmi við veghelgunarsvæðið með skýrum hætti svo hægt væri að meta fjarlægð framkvæmdarinnar frá verndarsvæðinu með góðu mótí.*

Svar Vegagerðarinnar

Afmörkun framkvæmdasvæðisins á mynd 3 er til að sýna staðsetningu og legu núverandi vegar m.t.t. verndarsvæða. Myndin er fyrst og fremst sett inn til einföldunar fyrir almenning til að átta sig á afstöðu Bárðardalsvegur (842) m.t.t. verndarsvæða. Mynd 5 sýnir nákvæmari afstöðu svæðisins m.t.t. verndarsvæða, auk þess sem ýtarlegri teikningar í mælikvarða fylgja einnig skýrslunni.

- Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur eftirfarandi fram í kafla um **vistgerðir og dýralíf** (skáletraður texti):

Nálægt núverandi brú yfir Öxará er auk þess að finna vistgerðirnar starungsmýrarvist og víðikjarrvist í litlum mæli. Vistgerðirnar eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarnast verndar. Vistgerðirnar hafa að geyma ríkulegt fuglalíf. Þá er víðikjarrvist mjög rík af plöntutegundum, einkánlega æðplöntum en af þeim telst hún ríkust allra vistgerða.

Svar Vegagerðarinnar

Náttúrufræðingur fór vettvangsferð síðastliðið sumar til að kanna hvort blettir með starungsmýrarrvist og annað votlendi sem kortasjáin benti til að væri norðan núverandi brúar, yrði raskað. Niðurstaðan er að ekkert votlendi er á fyrirhuguðu svæði og svæðið næst núverandi brú og vegi er þegar raskað, beggja vegna. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er allt mjög þurrt, nema um farveg Öxarár, og eru t.d. engin ræsi í núverandi vegi.

Hvað varðar víðikjarrvist eru fáir og litlir stakstæðir blettir sýndir í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands nærri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Stór samfelld svæði með víðikjarrvist eru innar í dalnum og utan fyrirhugaðs framkvæmasvæðis.

Á því svæði sem fyrirhugað framkvæmd felur í sér nýbyggingu vegarins eru stór samfelld svæði af lynghraunavist og fjalldrapamóavist.

- Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur eftirfarandi fram í kafla um **áhrif á vatn** (skáletraður texti):

Til þess að hægt sé að leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotin í samræmi við lög um stjórn vatnamála þarf að liggja fyrir áhrifamat þar sem fram fer mat á áhrifum á gæðapætti vatnalaga. Fram kemur í greinagerð að það sé mat Vegagerðarinnar að ekki sé hætt á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í ljósi þess að ekki hafi farið fram mat á gæðapáttum vatnalaga eru ekki forsendur til að meta það hvort framkvæmdin geti haft slík áhrif. Í ljósi þess telur Umhverfisstofnun að áhrif framkvæmdarinnar á vatn séu óljós.

Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin mun hafa samráð við Hafrannsóknastofnun og Umhverfisstofnun varðandi vinnu við áhrifamat á vatnshlotin. Leiðbeiningar um gerð áhrifamats á vatnshlot hefur skort en þær eru nú í vinnslu hjá Umhverfisstofnun.

2.3 Hafrannsóknastofnun

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur eftirfarandi fram (skáletraður texti):

Vegna sérstöðu botngerðar Öxarár og mikils þéttleika seiða er eindregið hvatt til þess að sem allra minnst verði hróflað við botni Öxarár. Að öðru leyti er talið að lágmarka megi áhrif svo þau verði einungis staðbundin og tímabundin. Gert er ráð fyrir að ræsum verði komið fyrir þar sem vænta megi vatnsrennslis. Ekki liggja fyrir frekari upplýsingar frá Vegagerðinni en mikilvægt er að tilhögun sé þannig að ræsi rjúfi ekki samfellu vatns og verði fiskgeng ef fiskar eru í viðkomandi vatni.

Svar Vegagerðarinnar

Brúin yfir Öxará verður byggð í einu hafi og ekki er gert ráð fyrir að hróflað verði við botni árinna.

Svæðið allt er mjög þurrt og t.a.m. engin ræsi í núverandi vegkafla. Fyrirhugað er að setja ræsi í nýjan og endurbyggðan veg og til að draga úr áhrifum á vatnafar verða ræsi hönnuð fyrir 100-ára flóð árvatns. Þau verða grafin niður um 10-20 % af

Þvermáli þeirra til að tryggja að jarðefni safnist í botn ræsanna og samfella haldist í farveginum.

Til að lágmarka áhættu á mengunarslysi á framkvæmdartíma er verktaka skylt að sinna viðhaldi og eftirliti véla og tækja með markvissum hætti. Útbúið verður sérstakt áfyllingar svæði á landi þar sem áfylling olíu á vélar fer fram til að tryggja að olía og önnur mengandi efni, berist ekki í jarðveg utan við skilgreint svæði, komi til óhappa. Sama gildi um geymslu á mengandi efnum á verktíma.

2.4 Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur eftirfarandi fram (skáletraður texti):

HNE bendir á mikilvægi þess að gera kröfur til verktaka á svæðinu að vélar og tæki séu í góðu lagi, og ekkert slíkt fari inn á svæðið nema að undangenginni skoðun Vinnueftirlits eða annara aðila sem til þess eru færir.

Svar Vegagerðarinnar

Í kynningarskýrslu kemur fram að til að lágmarka áhættu við áfyllingu olíu á vélar og tæki á framkvæmdasvæðum innan Bárðardalshrauns verða sett ströng skilyrði í útboðsgögnum um aðgæslu við notkun olíu, hreinsiefna og annarra mengandi efna á þeim svæðum. Farið verður fram á að vatnspéttir dúkar verði notaðir undir áfyllingasvæði og þar sem geymd verða hættuleg efni.

Sjá einnig svar við umsögn Hafrannsóknastofnunar hér að ofan um aðgerðir til að lágmarka áhættu á mengunarslysum á framkvæmdatíma.

2.5 Náttúrufræðistofnun Íslands

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur eftirfarandi fram (skáletraður texti):

Fyrirhugað efnistaka er úr tveimur námum í landi Öxará og eru þær báðar sýndar í námuvefsíju Vegagerðarinnar (www.namur.vegagerdin.is). Er annars vegar um að ræða setnámu, Öxará gil; sem er í notkun og er þar fyrirhugað að taka 10.500 m³ af efni sem er skilgreint sem botn- eða leysingarruðningur. Hin náman, Öxará, er ekki lengur í notkun en ófrágengin og þar er fyrirhugað að taka 17.500 m³ úr nokkuð vel gróinni aurkeilu. Afmarkað svæði er um 10 ha og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er þar m.a. að finna vistgerðir með mjög hátt verndargildi, eins og starungsmýravist og víðikjarrvist.

Fram kemur að lynghraunavist og fjalldrapamóavist, með miðlungs verndargildi eru algengastar þar sem veglínan verður færð og á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru þar líka sýndir litlir blettir með víðikjarrvist og starungsmýravist með mjög hátt verndargildi. Þess ber þó að geta að mikil óvissa er í vistgerðakortinu þegar unnið er í þetta stórum mælikvarða. Ef þessar vistgerðir er að finna á fyrirhuguðum námusvæðum eða í vegstæðinu er æskilegt að þeim sé hlíft eins og mögulegt er.

Svar Vegagerðarinnar

Náttúrufræðingur fór um fyrirhugað framkvæmdasvæði og telur að starungsmýravist sé ekki á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, hvorki í nýrri veglínu né á fyrirhuguðu námusvæði. Námusvæðin eru reyndar ríflega afmörkuð á uppdráttum með kynningarskýrslunni en verða afmörkuð þrengra við frekari hönnun framkvæmdarinnar.

Þá verður nýtt vegstæði afmarkað þröngt sem ætti að lágmarka rask enn frekar, sjá upplýsingar í svari Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar.

Um öryggisaðgerð er að ræða. Útilokað er að framkvæma umræddar aðgerðir án nokkurs rasks, frekar en við aðra mannvirkja- og innviðagerð.